

Nefndasvið Alþingis
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir
Alþingi
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 29. mars 2019
2019030025/42-1-1
TB
jgo/tb

Frumvarp til laga um fiskeldi (áhættumat erfðablöndunar, úthlutun eldissvæða, stjórnvaldssektir o.fl.), 647. mál.

Vísað er til tölvupósts/bréfs frá atvinnuveganefnd Alþingis, dags. 14. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frumvarp til laga um fiskeldi (áhættumat erfðablöndunar, úthlutun eldissvæða, stjórnvaldssektir o.fl.), 647. mál.

Náttúrufræðistofnun vill koma því á framfæri að stofnunin telur lög um fiskeldi að mörgu leiti slitin úr tengslum við náttúruvernd sérstaklega hvað varðar vernd líffræðilegrar fjölbreytni. Það frumvarp sem hér er til umsagnar bætir vissulega að mörgu leiti umgjörð um umsýslu með fiskeldi en virðist á hinn bóginn vera afturför hvað snertir t.d. aðkomu náttúruverndaryfirvalda. Til dæmis virðist það að fullu viðurkennt að það sé í lagi að nota framandi laxastofna í fiskeldi, einungis sé þörf á að meta áhættu vegna þessa, áhættu sem oft er erfitt að sjá fyrir og með óvissum afleiðingum til framtíðar. Einnig er lagt til í frumvarpinu að fjarlægja úr lögnum beina aðkomu þess ráðuneytis sem fer með málefni náttúruverndar að þeim. Náttúrufræðistofnun vill minna á að lög um náttúruvernd gilda í efnahagslögsögu Íslands en laganna eða skírskotun til þeirra verður hvergi að finna í lögnum eða frumvarpinu ef það nær fram að ganga.

Náttúrufræðistofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið og/eða það sem betur mætti fara í nágildandi lögum:

1. Í markmiðssetningu laga nr. 71/2008 segir m.a. að tryggja skuli verndun villtra nytjastofna en einnig að gæta þess að röskun verði sem minnst á vistkerfum villtra fiskistofna og sjálfbærri nýtingu þeirra. Nytjastofnar eru þeir stofnar fiska, sjávardýr eða sjávargróður, sem eru nýttir eða kunna að vera nýttir samkvæmt skilgreiningu í lögnum. Að mati Náttúrufræðistofnunar þá eiga lögin að sjálfsögðu að taka til villtra stofna fiska almennt hvort sem þeir eru nýttir eða ekki.

2. Frumvarpið og lögin eru um fiskeldi. Í 1. gr. frumvarpsins, sem varðar breytingar á 3. gr. laganna *Skilgreiningar*, þá er nú fjallað á þremur stöðum um **eldisdýr**. Náttúrufræðistofnun telur að hér sé farið út fyrir viðfangsefni laganna því orðið eldisdýr getur átt við hvaða dýrategund sem er. Þessu þarf að breyta t.d. í eldisfiskar.



3. Í 1. gr. segir einnig: „*Villtur laxastofn*: Laxastofn þar sem **meiri hluti fisks** er klakinn í náttúrulegu umhverfi, elst þar upp og er kominn undan villtum foreldrum.“ Í greinargerð er vísað í vinnuhóp ICES. Náttúrufræðistofnun kannast ekki við að það sé hlutverk vinnuhópa ICES að skilgreina íslenskar dýrategundir og/eða hvort þær tilheyri villtum dýrastofni eða ekki og að slíkar skilgreiningar séu lögfestar án samráðs við viðeigandi aðila. Dýrastofnar eru annað hvort villtir eða ekki. Það má hins vegar í mörgum tilfellum, t.d. af mannavöldum, rekja einhverjar breytingar í villtum stofni dýra til dýra sem ekki eru villt. Og það getur verið ástæða til að hafa viðmið um hve blöndun má vera mikil svo ólíklegt sé að hún valdi skaða eða líklegt að áhrifin hverfi úr stofninum með tíma. Að hafa ákveðin viðmið er hins vegar allt annað en að skilgreina villta tegund með framangreindum hætti. Taka ber út orðin meiri hluti úr skilgreiningunni. Villta dýrastofna á ekki að skilgreina eftir nýtingu þeirra eða áhrifum sem nýting getur haft á þá heldur er það, eða a.m.k. ætti að vera það, hlutverk laga að tryggja að nýting sé sjálfbær en í því felst einnig að villtir náttúrulegir stofnar fái að þróast eðlilega en sé ekki breytt vísvitandi eða óafvitandi í náttúrulegum heimkynnum.

4. Í 2. gr. frumvarpsins segir m.a.: „Ráðherra skipar samráðsnefnd um fiskeldi til fjögurra ára í senn. Nefndin er stjórnvöldum til ráðgjafar vegna málefna fiskeldis. **Í því felst meðal annars að leggja mat á forsendur og úrvinnslu þeirra gagna sem áhættumat erfðablöndunar byggist á.**“ Að hafa ráðgjafnefnd um málefni fiskeldis er eðlileg ráðstöfun að mati Náttúrufræðistofnunar. Hins vegar gagnir öðru máli ef nefnd sem ekki er skipuð sem fagnefnd / vísindaneftnd, heldur sem nefnd ólíkra hagsmunaaðila fari að hlutast til um og ráðgefa um áreiðanleika eða gæði, í þessu tilfelli, rannsóknna og fagvinnu Hafrannsóknastofnunar. Ef leita þarf umsagna eða ráðgjafar um sílika vinnu þá eru betur til þess fallnir aðrir aðilar sem koma að rannsóknum á náttúru Íslands s.s. Háskóli Íslands eða Náttúrufræðistofnun Íslands en einnig má t.d. benda á erfðaneftnd landbúnaðarins. Fyrrgreint hlutverk ráðgjafaneftndar er eingöngu til þess fallið að sá efasendum um vinnu fagstofnana og tilgang samráðsins.

5. Um 3. gr. og 5. gr. frumvarpsins: Náttúrufræðistofnun telur ekki að fiskeldi í sjó sé einkamál ákveðinna stofnana eða ráðuneyta. Eðlilegt er að hafsvæðum sé skipt upp eftir mat á burðarþoli og áhættumati á erfðablöndun, þ.e. ef ekki verður breytt um stefnu hvað varðar notkun á framandi tegundum. Það er hins vegar ekki faglegt að mati stofnunarinnar að aftengja lögum við lög um náttúruvernd með því að fella brott 5. gr. laganna sem m.a. tryggir aðkomu þess ráðuneytis sem fer með málefni náttúruverndar og þar með undirstofnanir þess. Náttúrufræðistofnun telur að ekki eigi að fella brott 5. gr. laga nr. 71/2008 um fiskeldi.

6. Um 6. gr. Í 6. gr. segir: Við 2. mgr. 6. gr. laganna bætist nýr málslaður, svohljóðandi: „Ráðherra er heimilt að taka tillit til sjónarmiða um aðra nýtingu hafsvæða en nýtingu vegna fiskeldis við ákvörðun sína skv. 1. mgr.“ Náttúrufræðistofnun telur að hér eigi bæði að skylda ráðherra til að líta til annarra sjónarmiða og auk þess sjónarmiða sem ekki endilega byggja á nýtingu t.d. ýmsir vistfræðilegir þættir sem geta orðið fyrir áhrifum s.s. uppedisstöðvar fiska, ríkulegt botndýralíf eða hverastrýtur svo eitthvað sé nefnt. Viðbótin eins og hún er orðuð er ekki til þess fallin að vekja traust á lögunum.

7. Um 7. gr. Náttúrufræðistofnun telur grein 7 vera til bóta að því tilskyldu að áfram verði heimilað að nota frjóa framandi tegundir í fiskeldi í sjó en víesar jafnframt í athugasemdir um hlutverk samráðsnefndar sbr. 2. gr. frumvarpsins. Einnig telur Náttúrufræðistofnun að það eigi ekki að vera eingöngu í höndum ráðherra að ákveða hvaða firði skuli meta til burðarþols og hvenær sbr. athugasemdir stofnunarinnar um að fella brott 5. gr. laga nr. 71/2008 um aðkomu þess ráðuneytis sem fer með málefni náttúruverndar.



8. Um 11. gr. Náttúrufræðistofnun getur ekki séð hvaða ástæða liggur að baki því að sum rekstrarleyfi séu ótímabundin en önnur ekki sbr. „Rekstrarleyfi sem gefin eru út **eftir úthlutun skv. 4. gr. a eru ótímabundin en önnur rekstrarleyfi skulu gefin út til 16 ára í senn.”**

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson
forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafardeildar

